

Samningatækni

Námskeið þar sem fjallað er um helstu þætti samninga þar sem þátttakendur taka þátt í verklegum æfingum í gerð samninga. Meðal annars er fjallað um samningsstöðu, forgangs röðun, tilboðsgerð og svigrúm í samningum. Einnig helstu hugtök, bakland, viðræðunefndir og hlutverk innan samninganefndar.

Hluti af námskeiðinu fjallar um markmiðssetningar og hvernig þær auðvelda samningsferlið.

Markmiðið er að þjálfra einstaklinga í gerð samninga, þjálfra nemendur í að koma sínum skoðunum á framfæri, hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa, taka ákvarðanir sem hópur en ekki einstaklingar og virða niðurstöðu hópsins.

Hægt er að hafa námskeiðið mismunandi að lengd og efnisinnihaldið með mismunandi hætti eftir óskum kaupenda hverju sinni. Þá er hægt að taka mið af styrkleika hópsins sem um ræðir. Þetta á sérstaklega við ef um einstakar samninganefndir er að ræða.

Tími	1. nóvember	2. nóvember
10.00 – 12.00	Samningatækni	Hagfræði og kjarasamningar
12.00 – 13.00	Matur	Matur
13.00 – 17.00	Samningatækni	Lögfræði og kjarasamningar

Leiðbeinendur: *Haukur Harðarson, Magnús Norðdahl og Ólafur Darri Andrason*
Dags: *1.–2. nóvember.*
Staður: *Flúðir*
Fyrir hverja: *Þau sem ekki hafa áður komið að samningaviðræðum eða hafa litla reynslu af þeim. Einnig möguleiki að halda þetta námskeið fyrir einstaka samninganefndir.*

Enskt talmál

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa gott vald á enskri tungu og geta tjáð sig af nokkru öryggi, en vilja bæta sig í talmáli og byggja upp aukinn orðaforða. Farið er í samtalsleiki, lesinn texti og gerðar talæfingar. Megináhersla er lögð á talþjálfun og uppbyggingu orðaforða er tengist verkalyðshreyfingunni.

Leiðbeinandi: *Tony Brackley*
Dags: *20. september – 8. nóvember*
Kennsla fer fram á fimmtudögum frá kl. 15:30–17:00
Staður: *Skeifunni 8, Mímir – símenntun*
Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn stéttarféлага, millistjórnendur og fleiri*

Opið trúnaðarmannanámskeið I – framhald

Tími	5. nóvember	6. nóvember
09.00 – 12.00	Samningatækni	Hagfræði
12.00 – 13.00	Matur	Matur
13.00 – 16.00	Samskipti á vinnustað	Vinnuréttur Uppbygging og helstu réttindi

- Hvað einkennir góð og slæm samskipti á vinnustað?
Hvernig er hægt að skapa gott andrúmsloft á vinnustað?
- Auki hæfni í samningatækni og þekkja helstu hugtök.
- Hvernig er uppbygging vinnuréttar á Íslandi? Hvernig spila lög og kjarasamningar saman?
- Helstu hugtök í hagfræði og hvernig tengjast þau okkar daglega lífi. Kaupmáttur, matvælavæð og launavísitala.

Leiðbeinendur: *Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Haukur Harðarson, Ingvar Sverrisson og Stefán Ólafsson*
Dags: *5.– 6. nóvember*
Staður: *Skeifunni 8, Mímir – símenntun*
Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn stéttarféлага*



Félagsmálaskóli
alþýðu



Námsframboð

Félagsmálaskóla alþýðu
haustið 2007



Félagsmálaskóli
alþýðu

Stytttri námskeið

● Jafnrétti

Eitt af hlutverkum samtaka launafólks er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á og viðhaldið jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. Jafnrétti kynjanna þýðir að kynin séu jafn sjáanleg í samfélaginu, jafn valdamikil og taki þátt í opinberu lífi og einkalífi í jöfnum hlutföllum. Því er nauðsynlegt að auka hlut kvenna í stjórnun og áhrifastöðum innan heildarsamtaka launafólks og í samtökum þeim tengdum. Nauðsynlegt er að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla hjá talsmönnum samtaka launafólks og þekkingu á helstu hugtökum sem tengjast málaflokknum. Fjallað verður m.a. um hugtök og aðferðir sem tengjast jafnrétti kvenna og karla s.s. samþætting, hnattvæðing, jafnréttisáætlun o.fl.

Leiðbeinandi: *Marianna Traustadóttir, sérfræðingur jafnréttismála ASÍ*
Dags: *19. september, kl. 10:00–17:00*
Staður: *Skeifunni 8, Mímir – símenntun*
Fyrir hverja: *Alla talsmenn*

● Formlegur undirbúningur kjarasamninga, afgreiðsla þeirra og boðun verkfalla

- Hvenær þarf og má gera kjarasamninga
 - Friðarskylda
 - Almennt gildi kjarasamninga
 - Endurnýjun gildandi kjarasamninga
 - Nýir kjarasamningar
 - Gildi kjarasamninga - eftir lok samningstíma - meðan viðræður standa
- Ríkissáttasemjari
 - Hlutverk samkvæmt lögum
 - Vísun – framkvæmd – áhrif – stjórnun viðræðna
 - Miðlunartillaga – skilyrði fyrir henni – vald sáttasemjara – kynning – atkvæðagreiðsla – atkvæðisréttur
 - Skyldur stéttarfélag til að upplýsa
- Samningsumboð
 - Lögbundin samningsumboð
 - Félagsfundur – stjórn – samninganefnd – hvar liggur valdið og hvernig er því vísað til samninganefndar. Lög, hefðir og framkvæmd.
 - Samninganefnd – umboð takmarkað – þá við hvað
 - Viðræðunefndir
 - Samflot – framsal samningsumboðs og afturköllun þess
- Afgreiðsla kjarasamninga
 - Fundir – póstatkvæðagreiðsla – þátttaka – forsendur
 - Tímasetningar
 - Kjörskrá – kjörstjórn – vafaatkvæði – niðurstöður
 - Kjarasamningur samþykktur
 - Kjarasamningur felldur – hvað tekur við
- Boðun verkfalla
 - Hvenær má og hvað þarf til
 - Tímasetningar – tímaferli – frestanir
 - Valkostir um ákvörðun – fundir – póstatkvæðagreiðsla – þátttaka – forsendur
 - Kjörskrá – kjörstjórn – vafaatkvæði – niðurstöður
 - Verkfallsvarsla
- Aðkoma ASÍ og aðstoð við gerð kjarasamninga
 - Samstarfssamningar aðildarsamtaka ASÍ
 - Forysta ASÍ – samskipti við stjórnvöld
 - Hagdeild
 - Lögfræðideild

Leiðbeinandi: *Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ*
Dags: *23. október, kl. 10:00–17:00*
Staður: *Skeifunni 8, Mímir – símenntun*
Fyrir hverja: *Þau sem sjá um formlegan undirbúning og framkvæmd í aðdraganda kjarasamninga, eru í samninganefndum og sem þurfa að taka og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum ákvörðunum í ferlinu. Félagslega kjörnir stjórnendur og starfsmenn stéttarféлага.*

● Lífið í Karphúsinu

Umfjöllun og fræðsla um hvernig lífið gengur fyrir sig í samningaviðræðum, venjur og hefðir og þann anda sem ríkir. Leitast er við að fjalla um efnið á léttum nótum og fá upp umræður sem snerta efnið.

Er ágangur fjölmiðla mikill? Hvað gerist ef húsinu er lokað? Situr sáttasemjari alla fundi? Hvað er viðræðuáætlun? Af hverju taka samningaviðræður svona langan tíma? Lokaspretturinn. Undirskriftarferli. Samskipti milli nefnda og einstaklinga. Af hverju vöfflur og rjómi? Allt eru þetta spurningar sem fjallað er um og reynt að svara.

Markmiðið er að veita innsýn í daglegt líf í samningaviðræðum og kynna fyrir þátttakendum þær venjur og hefðir sem þar ríkja. Einnig ætlað til að vekja umræður innan hópsins um hvað eru eðlileg vinnubrögð t.d. varðandi samskipti og þann tíma sem tekur að ná samningum.

Leiðbeinandi: *Haukur Harðarson*
Dags: *8. nóvember, kl. 10:00 – 14:00*
Staður: *Skeifunni 8, Mímir – símenntun*
Fyrir hverja: *Samninganefndir og/eða einstaklinga sem starfa eða hafa hug á því að starfa með samninganefndum.*

Lengri námskeið

■ Opið trúnaðarmannanámskeið I – grunnur

Tími	17. september	18. september
09.00 – 12.00	<i>Launakerfi Verkalyðsfélög – þjóðfélag</i>	<i>Verkefni og tengsl trúnaðarmanna</i>
12.00 – 13.00	<i>Matur</i>	<i>Matur</i>
13.00 – 16.00	<i>Starf og staða trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum</i>	<i>Tryggingapíramítinn</i>

- Hvaða launakerfi eru algengust á íslenskum vinnumarkaði og hver eru sérkenni þeirra?
- Hvert er hlutverk stéttarféлага, sambanda og heildarsamtaka á vinnumarkaði?
- Hvert er hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað, hvað á hann að gera og hvað á hann ekki að gera?
- Hvernig er uppbygging kjarasamninga og hvar get ég leitað upplýsinga um túlkanir?
- Hvert er hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum?
- Hvar getur trúnaðarmaður aflað sér upplýsinga um túlkanir kjarasamninga og önnur mál sem koma inn á hans borð?

Leiðbeinendur: *Sigurlaug Gröndal, Haukur Harðarson*
Dags: *17.–18. september*
Staður: *Skeifunni 8, Mímir – símenntun*
Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn stéttarféлага*

■ Námshvatning á vinnustað

Almennt launafólk með stutta skólagöngu að baki er yfirleitt í mestri hættu á að missa starf sitt vegna breytinga og þróunar á vinnumarkaði. Þá hafa möguleikar þess til framþróunar og aðlögunar að breyttum vinnumarkaði verið takmarkaðir. Námskeiðið mun nýttast fulltrúum stéttarféлага og fyrirtækja við að aðstoða samstarfsmenn sína við að finna sér nám og þjálfun við hæfi. Á námskeiðinu ganga þátttakendur í gegnum þjálfun sem gerir þeim kleift að hjálpa vinnufélögum sínum að uppgötva hæfileika sína, gildi og eiginleika, svo þeir geti orðið ánægðari í starfi og leik. Ásamt því mun námið gefa innsýn í störf náms- og starfsráðgjafa sem þeir geta miðlað áfram til samstarfsmanna ef þeir vilja sækja sér frekari ráðgjöf.

Leiðbeinandi: *Eyrún Valsdóttir*
Dags: *8.–9. október og 29.–30. október.*
Staður: *Sætúni 1 – Kennslusalur Eflingar – 4 hæð*
Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn stéttarféлага, millistjórnendur og fleiri*